


ATHUGIÐ!

Vinsamlegast veitið eftirfarandi einkennum athygli. Það er yður í hag. Takk fyrir.

Eftirfarandi einkenni geta vakið grun um krabbamein en geta einnig átt sér aðrar skýringar:

- Óvenjuleg blæðing, til dæmis frá endaparmi, kynfærum, geirvörtu, blóð í hráka eða þvagi
- Þykkildi eða hnútar, til dæmis í pung, brjósti, nára, á hálsi, vörum, tungu eða handarkrika
- Óútskýrt þyngdartap
- Þrálátur hósti eða hæsi
- Langvarandi kyngingarerfiðleikar
- Sár sem ekki grær, t.d. í munni eða á kynfærum
- Breytingar á hægðum eða þvaglátum, til dæmis langvarandi niðurgangur eða hægðatregða, blóð í hægðum, erfiðleikar við að pissa
- Nýir fæðingarblettir eða breytingar á blettum, til dæmis stærð, lögun eða litur
- Langvarandi óþægindi frá meltingarvegi, til dæmis magaverkir eða uppþemba
- Þreyta sem minnkar ekki við hvíld
- Viðvarandi verkir án þess að orsök sé ljós

Ef þú ert með eitthvert þessara einkenna ættir þú að panta tíma hjá lækni til frekari skoðunar.



Sjá nánar á krabb.is/einkenni

 Krabbameinsfélagið

MOTTUMARS


Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Ráðgjafarþjónustan er upplýsinga- og stuðningsþjónusta fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Í Ráðgjafarþjónustunni starfa sérfræðingar að fræðslu, ráðgjöf og stuðningi sem miða að því að aðstoða fólk við breyttar aðstæður í lífinu. Til viðbótar sjá utanaðkomandi fagaðilar um fjölbreytt námskeið.

Við bjóðum alla velkomna til Ráðgjafarþjónustunnar í Skógarhlíð. Við bjóðum einnig upp á viðtöl á Akureyri, Austurlandi, Selfossi og í Reykjanesbæ. Að auki er hægt að fá viðtöl í gegnum síma eða með fjarfundabúnaði.

Hægt er að leita til Ráðgjafarþjónustunnar án þess að gera boð á undan sér. Þjónustan er fólki að kostnaðarlausu.

„Ég vil þakka Ráðgjafarþjónustunni fyrir allan þann mikla stuðning sem ég fékk þar sem aðstandandi.“

Umsögn aðstandanda

Opið virka daga kl. 9–16

Skógarhlíð 8
105 Reykjavík

800 4040
radgjof@krabb.is

